

148
31. des.**Auglýsing um póstmál.**

Það auglýsist hjer með almenningi, að með 3. póstferð breytast burtfarardagar þeir, sem *vestanpóstinum* eru gjörðir í áætlun um ferðir landpóstanna 1895, dags. 5. desbr. 1894, frá millistöðvunum milli Ísafjarðar og Hjarðarholts í suðurleið þannig, að pósti er heimilt í 3.—5. og 7.—14. ferð að fara frá Vatnsfirði, Arngerðareyri og Bæ degi fyrr en áætlunin tiltekur, og í 6 ferð 2 dögum fyrr frá þessum póststöðvum og 1 degi fyrr frá Hvoli, en þar er til tekið.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 31. desbr. 1894.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Fjárgreiðslur úr landssjóði til vegagerða

samkvæmt 12. gr. B. b. og c. í fjárl. fyrir árin 1894 og 1895.

	kr.	a
A. Til aðalpóstvega:		
1. til nýrra vegagjörða	42,849	36
2. — vegabóta	9,463	99
3. — brúa	3,514	77
4. — sæluhúsa	132	62
B. Til fjallvega	15,290	54
C. Til vegagjörðaverkfæra	7,249	81
	Samtals	78,501 09

Embættaskipun.

8. desbr. var *Ripurprestakall* í Skagafjarðarprófastsdæmi af landshöfðingja veitt prestaskólakandidat *Sveini Guðmundssyni*, samkvæmt kosningu hlutadeigandi safnaðar.

Aukalæknisstyrkur.

31. desbr. veitti landshöfðingi læknaskólakandidat *Oddi Jónssyni* fyrst um sinn um eitt ár styrk þann, sem í 11. gr. 2. l. í fjárlögunum fyrir 1894 og 1895 er ákveðinn til aukalæknis í *Strandasýslu norðanverðri*.

Yfirskattanefnd.

Með brjefi landshöfðingja, dags. 6. desbr., voru eptirnefndir menn skipaðir í yfirskattanefnd fyrir Ísafjarðarkaupstað:

1. Þorvaldur prófastur Jónsson,
2. Árni verzlunarstjóri Jónsson,
3. Sigfús H. Bjarnarson consúl.

